

99

26. sept.

## REGLUR

## um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt lögum nr. 61, 28. jan. 1935, um breytingu á lögum nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki og fleira, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

## 1. gr.

Smjörlíkisframleiðendur hér á landi skulu á hverjum tíma blanda allt smjörlíki, sem þeir framleiða, með íslenzku smjöri, á þann hátt, sem ákveðið verður í auglýsingu, sem atvinnumálaráðherra gefur út. Gildir þetta jafnt um smjörlíki, sem notað er til neyzlu í stað smjörs, sem um það, sem notað er í brauðgerðarhúsum eða á annan hátt.

Blöndun smjörs í smjörlíki skal framkvæmt áður en smjörlíkið er afgreitt frá verksmiðjunni.

Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundr- aðshluta af íslenzku smjöri, og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti, sem íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar.

## 2. gr.

Framleiðendur smjörlíkis ákveða sjálfir, hvaða smjör þeir nota til blöndunar í smjörlíkið. Þó skal þeim skylt að nota einungis smjör, sem framleitt er í viðurkenndum mjólkur- og rjómaúsum.

Sé mjólk notuð við smjörlíkisframleiðsluna, er ekki leyfilegt að reikna smjörmagn það, sem í henni felst, sem hluta af því smjörmagni sem blanda ber í smjörlíkið samkvæmt 1. gr.

## 3. gr.

Hver smjörlíkisframleiðandi skal sanna, að hann hafi keypt það smjörmagn, sem svarar til framleiðslu hans á hvaða tíma sem er. Skulu framleiðendur smjörlíkis mánaðarlega senda eftirlitsmanni smjörlíkisverksmiðjanna upplýsingar um framleiðslu sína næstliðinn mánuð, svo og skilríki fyrir því, hve mikið þeir hafi keypt á sama tíma af íslenzku smjöri. Er eftirlitsmanni smjörlíkisverksmiðjanna falið að sjá um að þessum og öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

## 4. gr.

Smjör það, sem smjörlíkisframleiðendur hafa keypt til blöndunar í smjörlíki, skal óheimilt að selja eða nota á annan hátt. Smjörið greiðist með því verði, sem mjólkursölunefnd ákveður á hverjum tíma.

## 5. gr.

99

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum. Skal fara með mál út af sílkum brotum sem almenn lögreglumál.

26. sept.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

100

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

26. sept.

Samkvæmt reglum útgefnum í dag, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. október þ. á. blanda allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, með 3% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## AUGLÝSING

101

um viðurkenningu á flokkunarfélögum skipa.

7. sept.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 93, 1935, um eftirlit með skipum og samkvæmt 2. gr. Kaupmannahafnar-samþykktarinnar frá 28. janúar 1926, um haffæri skipa og skipsbúnað, eru sett eftirfarandi ákvæði.

## 1. gr.

Flokkunarfélögnum:

British Corporation for the Survey and Registry of Shipping,

Bureau Veritas,

Det Norske Veritas,

Germanischer Lloyd,

Lloyd's Register of Shipping og

Registro Italiano Navale ed Aeronautico

er falið innan þeirra takmarka, og með þeim skilyrðum, er auglýsing þessi setur, að gera iðnfræðilegar athuganir og mælingar, er með þurfa, svo unnt